

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 5. janúar 2021
UST202012-196/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 - Hnappavellir I

Við er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar ferðaþjónustu á Hnappavöllum í Örafum.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði á Hnappavöllum, þar sem stefnt er að því að breyta byggingum sem þegar eru til staðar, fjárhúsi og hlöðu undir starfsemi í ferðaþjónustu. Gert verður ráð fyrir um 20 gistiplássum, veitingasölu og tjaldsvæði. Skipulagssvæðið eru tæpir 2 ha.


Í greinargerð segir einnig að framkvæmdin fellur í flokk C, sbr. 12.07 t.l. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en þar segir: „Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha“. Í viðaukanum eru tilgreindar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal sveitarfélagið meta með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur